

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 6.4.2022  
UST202202-303/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Brjánslækur - Vesturbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Brjánslæk, Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir nýrri landfyllingu og nýjum varnargarði. Auk þess kemur fram að á byggingarreit A er heimilt að reisa allt að 500 m<sup>2</sup> hús í tengslum við ferðaþjónustu, á byggingarreit B er heimilt að stækka núverandi 646 m<sup>2</sup> um 500 m<sup>2</sup> og á byggingarreit C er heimilt að reisa allt að 100 m<sup>2</sup> þjónustuhús.

Einnig er markmið með gerð deiliskipulags fyrir Flókatóftir m.a. að skapa aðstöðu fyrir ferðamenn þar sem þeir fá fræðslu um nærumhverfi og suðursvæði Vestfjarða, auk þess að fólk geti notið útiveru og skoðað Flókatóftir.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin kom með athugasemdir á lýsingarstigi. <sup>1</sup>

### **Skýringar**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki eru skýringar á öllum þáttum á uppdrætti eins og garðar og slóði í gegnum tóftirnar. Auk þess bendir stofnunin á að svæðið liggur Breiðafirði og fjallað er um hann í greinargerð.

### **Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn - Surtarbrandsgil**

Umhverfisstofnun bendir á að nokkurt álag hefur verið á Surtarbrandsgil, en unnið hefur verið að því í nokkur ár að girða fyrir að fólk sé að fara einsamalt upp í gil með því að breyta upphafspunkti leiðarinnar, fjarlægja skilti sem vísa á gilið o.fl. Auk þess vill stofnunin benda á að óheimilt er að ganga í gilið nema í fylgd landvarða sem fara þangað á auglýstum tímum á sumrin. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að þegar fjallað er um miðstöð gönguferða í Surtarbrandsgili í tillögunni og eða á upplýsingaskiltum að tekið sé tillit til ofangreindra þátta.

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Brj%c3%a1nsl%c3%a6kur.pdf>

## **Varnargarður og landfylling**

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir nýjum 123 m löngum varnargarði og nýrri landfyllingu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi í tillögunni stærð landfyllingar, áætluð efnisþörf við gerð hennar og hvers konar efni verður nýtt.

## **Varp í hafið - Leyfisveiting**

Stofnunin bendir á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu og opnum varnargarði er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.<sup>2</sup> Umhverfisstofnun vekur athygli á að mikilvægt sé að það komi fram í greinargerð að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó veitt leyfi til að m.a. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið sé varpað í hafið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.<sup>3</sup>

## **Sjávarfitjar**

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru sjávarfitjar sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hins vegar er lítið fjallað um áhrif tillögurnar á votlendið. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á vefsíðu NÍ.<sup>4</sup>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

## **Fiskvinnsla**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um núverandi starfsemi fiskvinnslu á svæðinu, hvernig úrgangs- og fráveitumálum er háttað. Auk þess þarf að fjalla um framtíðaráform, þar sem fjallað sé um og sett séu skilyrði um starfsemi, úrgangsmál og fráveitu.

## **Fráveita og iðnaðarstarfsemi**

Umhverfisstofnun telur óljóst hvernig fráveitumálum fiskvinnslu verði háttað. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt III. viðauka reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp fellur fiskvinnsla undir iðnaðarstarfsemi. Í 25. gr. reglugerðarinnar

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2004033.html>

<sup>3</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%c3%b0beinandi%20reglur%20um%20me%c3%b0fer%c3%b0%20d%c3%bdpkunarefnis\\_okt2019.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%c3%b0beinandi%20reglur%20um%20me%c3%b0fer%c3%b0%20d%c3%bdpkunarefnis_okt2019.pdf)

<sup>4</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

segir að iðnaðarstarfsemi samkvæmt III. viðauka, sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu, er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi.

### **Lagnir og samþykki**

Í greinargerð segir að frárennislagnir þurfa að uppfylla skilyrði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, en skv. 2. mgr. skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Umhverfisstofnun bendir á að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

### **Lausamunir**

Í greinargerð kemur fram að óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa innan lóða. Umhverfisstofnun telur orðalagið til langfram óljóst og telur stofnunin mikilvægt að sett séu skýrari skilyrði varðandi ofangreindan þátt. Svæðið, sem hér er til umfjöllunar, er með hátt verndargildi á margan hátt og fjölmargir ferðamenn heimsækja.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur